

ir því í mótsögn við „Lýðsiðfræðina“, er fyrir vana sakir mörgum finnst ekkert útásetningar veið, og virðist þá eins og skáldið í árás og aðfinnslum sínum verði á stundum ósiðferðislegur. Kemur það mest til af því, að „Lýðsiðfræðin“ dubbar alla uppgjörð sína og látalæti með nöfnum allra meginþygðanna. — Hérna eru þá sýnishorn þessara „dygða“.

Sáluðorgun, ein hin helzta *orthodoxa dygð*.

„En þá rakst eg einmitt á óboðinn gest,
svo ógnlítið truflaðist saga,
því hann hafði í sál mína færi sitt fest,
og fipaðist kannske ekki að draga,
því mér var sem stefnt á þann merkasta prest,
og mildi það varð ekki að baga;
en það hefi eg unað í armlögum verst
á æfinni nætur og daga.“

Hann kvaðst vera ljós til að leiðbeina mér,
og lýsa um ókomnar stundir;
hann sagði þeir viltust á veginum hér,
sem vantaði leiðandi mundir;
úr loftinu hremdi þá hræfugla ger,
en höggormar leyndust um grundir,
og sumstaðar flughálku svell eins og gler,
en sjóðandi Helvítíð undir.“

Hér er barnauppfraðslan, þar sem unglingsurinn er grút-fyltur með bulli og vitleysu um þetta líf og hið tilkomanda, og margir munu kannast við frá yngri árum. Og afleiðingin er náttúrlega sú, að barnið trúir öllum vömmum og skömmum upp á sjálft sig og grætur yfir synd og sekt.

„Og endirinn varð að eg eins og hann sá,
að óþverra merki við bárum
Og syndin í hrúgum á hrygg mínum lá,
eg heyktist af bakverkjum sárum;
og það voru ótrúleg ósköp að sjá
hvað úr mér gat farið af tárum !“